

Alþingi
Erindi nr. P 126/1315
komudagur 2. 3. 2001

18



Reykjavíkurborg
Skrifstofa borgarstjórnar

Reykjavík, 19. febrúar, 2001
R00120219
175

Borgarráð


Umsagnir um frumvörp til laga á sviði minjavörslu og safnamála

Þann 9. janúar s.l. vísaði borgarráð umsögnum borgarlögmans, frá 29. desember og 2. janúar s.l., um frumvörp til safnalaga, þjóðminjalaga, laga um húsafriðun og laga um flutning menningarverðmæta úr landi ofl., til menningarmálanefndar til kynningar. Borgarráði hefur nú borist umsögn nefndarinnar, dags. 8. febrúar s.l, sbr. einnig minnisblað borgarminjavarðar til hennar frá því í janúar s.l.

Í umsögn sinni tekur nefndin í meginatriðum undir umsagnir borgarlögmans, auk þess sem tekið er undir athugasemdir borgarminjavarðar sem fram komu í minnisblaðinu. Í umsögn nefndarinnar er sérstök athygli vakin á þeim breytingum, sem frumvarp til nýrra þjóðminjalaga gerir á stöðu borgarminjavarðar, auk þess sem þeirri spurningu er varpað fram, hvort eðlilegt sé að gerðar séu svo miklar breytingar á minjavörslu í Reykjavík án viðræðna við borgina. Þá er loks velt upp þeirri grundvallarspurningu hver þáttur sveitarfélaga eigi að vera við minjavörslu, og hvort aukin miðstýring ríkisins sé í samræmi við þá stefnu að fela sveitarfélögum aukin verkefni. Að lokum er lýst þeirri skoðun nefndarinnar að óhjákvæmilegt sé að fram fari viðræður milli ríkisins og Reykjavíkurborgar um frumvörpin áður en lengra er haldið.

Umsagnir borgarlögmans og menningarmálanefndar ber að sama bruni, þ.e. að frumvörp til safnalaga, þjóðminjalaga og húsafriðunarlaga séu ekki ásættanleg í óbreyttri mynd.

Því er lagt til við borgarráð að það samþykki bæði umsagnir borgarlögmans og menningarmálanefndar, og óski eftir því að haft verði samráð við borgina við endurskoðun frumvarpanna.


Ólafur Kr. Hjörleifsson



Reykjavík, 29. desember, 2000

R00120219

175

HBK/ás

Borgarráð


Umsögn borgarlögmans um frumvarp til safnalaga.

Óskað hefur verið umsagnar Reykjavíkurborgar um frumvarp til safnalaga. Frumvarpinu er ætlað skv. 1. gr. þess að taka til skipulags lista- og minjasafna í þeim tilgangi að varðveita menningarsögu íslensku þjóðarinnar.

Skv. 2. gr. frumvarpsins skal menntamálaráðherra fara með yfirstjórn minja- og listasafna en til minjasafna teljast menningarminjasöfn og náttúrugripasöfn. Gera verður alvarlega athugasemd við þetta ákvæði frumvarpsins en af því verður ráðið að menntamálaráðherra fari m.a. með yfirstjórn minjasafna (byggðasafna) og listasafna sveitarfélaga. Ákvæðið stríðir gegn sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaga skv. 78. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Nauðsynlegt er að frumvarpinu verði breytt og undirstrikað að það taki til safna í eigu íslenska ríkisins, eða það endursamið sé ætlunin að það taki einnig til safna í eigu sveitarfélaga, félaga eða einkastofnana.

Í 10. gr. frumvarpsins er fjallað um safnasjóð og þar er þess getið að öll söfn sem undir lögin muni falla geti sótt um verkefnatengda styrki til safnasjóðs. Til þess að geta sótt um rekstrarstyrki þarf safn að uppfylla tiltekin skilyrði en meðal skilyrðanna er að safni hafi sjálfstæðan fjárhag og starfi eftir stofnskrá sem hlotið hafi staðfestingu safnaráðs. Af þessu verður ráðið að útiloka eigi söfn sveitarfélaga frá rekstrarstyrkjum úr safnasjóði. Byggða- og listasöfn sveitarfélaga gegna þýðingarmiklu menningarhlutverki og eiga tvímælalaust að sitja við sama borð og önnur söfn þegar kemur til úthlutunar úr sameiginlegum sjóðum þjóðarinnar.

Lagt er til að borgarráð mæli gegn samþykkt frumvarpsins í óbreyttri mynd.


Hjörleifur B. Kvaran



Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 20. febrúar, 2001

R00120219

175

GE/isg

Menntamálanefnd Alþingis
Sigrún Brynja Einarsdóttir, nefndarritari
Alþingi
150 REYKJAVÍK

Vísad til bréfs menningarmálanefndar Alþingis frá 20. desember s.l. - umsagnir um frumvörp til laga á sviði minjavörslu og safnamála

Á fundi borgarráðs í dag var lagt fram bréf fulltrúa skrifstofustjóra borgarstjórnar frá 19. þ.m. varðandi umsagnir borgarlögmanns frá 29. desember og 2. janúar s.l. um frumvörp til safnalaga, þjóðminjalaga, laga um húsafriðun og laga um flutning menningarverðmæta úr landi o.fl., ásamt umsögn menningarmálanefndar frá 8. f.m.

Borgarráð samþykkti umsagnirnar, sem fylgja með í ljósriti. Jafnframt er óskað eftir því að samráð verði haft við Reykjavíkurborg um endurskoðun frumvarpanna.

ISG

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir